

Áfangalýsing.

Heiti áfanga:

LAND2AB05

Titill áfanga:

Landafræði

Staða áfanga:

Áfanginn er skylda á félagsfræðabraut í gamla kerfinu en valáfangi í nýja kerfinu.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Landafræðin er fræðigrein sem fjallar um legu útbreiðslu og tengsl ýmissa náttúru- og mannvistarþátta á yfirborði jarðar og breytingar þeirra í tíma og rúmi. Greinin fjallar m.a um víxlverkun manns og náttúru og veitir yfirsýn yfir lífsskilyrði, lífshætti og lífskjör manna á jörðinni. Í þessum áfanga er lögð áhersla á mannvistarlandafræði. Meðal efnis sem tekið verður fyrir í áfanganum er kortagerð og æfing í kortalestri; hnötturinn og hnattstaða; mannkynið, mannfjöldi og búseta; vatn sem auðlind; landnýting og auðlindir jarðar; borgarumhverfi og staða þróunarlanda.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Sjálfbær þróun, auðlindir, staðfræðikort, kortavörpun, mannvistarlandslag, árstíðir, hnattstaða, mannfjöldapýramídi, lýðfræðiferill, hringrás vatnsins, mengun, sjávarútvegur, þéttbýlismyndun, borgarskipulag.

Námsmat:

Námsmat byggist á prófum og verkefnum. Lokapróf er 50%.